

Kennsluáætlun 2024-2025

5.-7. bekkur

Námsgrein: Enska

Kennari: Cornelia Spandau

Markmið:

- Geti notað málið sem samskiptamiðil í kennslustundum.
- Geti hlustað á og skilið samtöl og viðtöl og unnið úr.
- Geti lesið fjölbreytta texta ítarlega og af öryggi, fundið afmarkaðar upplýsingar og unnið úr.
- Geti beitt framburði, áherslu og hrynjandi af nokkru öryggi.
- Geti undirbúið og flutt einfalda kynningu á efni sem tengist náminu.
- Geti sagt nokkuð lipurlega frá og brugðist við því sem hann hefur lesið, séð eða heyrt.
- Geti skrifað eftir fyrirmyndum skiljanlega, skipulega og viðeigandi stutta texta um kunnuglegt efni og beitt grunnreglum málfræði og stafsetningar nokkuð rétt.
- Geti unnið með algengustu tengiorð og greinarmerki við textagerð
- Geti bjargað sér á ensku við algengar aðstæður, t.d. í verslunum og veitingastöðum og á ferðalögum.
- Geti aukið og unnið markvisst með orðaforða í tengslum við námsefni.
- Geti sýnt fram á að hann þekkir til síða og hefða viðkomandi mál- og menningarsvæða og getur borið saman við eigin menningu.
- Geti sett sér nokkuð raunhæf markmið, gert sér nokkra grein fyrir hvar hann stendur í náminu og beitt aðferðum til að skipuleggja sig og bæta þar sem þess gerist þörf.
- Geti beitt sjálfsmati og tekið þátt í jafningjamati á raunsæjan hátt og veitt sanngjarna endurgjöf með stuðningi frá kennara. [?](#)
- Geti nýtt sér algengustu hjálpartæki, s.s. uppflittirit, orðabækur, veforðasöfn, leiðréttingarforrit og leitarvélar.

Kennsluáðferðir/vinnulag:

- Bein kennsla
- Einstaklings- og hópavinna með skapandi viðfangsefni
- Umræður og spurningar
- Leiðsagnarnám og lausnaleytnám
- Spil og leikir
- Hlutverkaleikir
- Stigbreyttar kröfur í öllum verkefnum

Námsmat:

- Lagt verður mat á: Vinnubækur nemenda, verkefni og kannanir, samvinnu nemenda og samskipti, virkni, hegðun og framkomu í kennslustundum
- Könnun mánaðarlega (um orðaforða og málfræði)
- Leiðsagnarmat
- Símat
- Jafningjamat

Námsgögn:

- Efni frá kennara

- Vinnubækur
- Munnlegar æfingar og hlustunaræfingar
- Bækur á ensku: t.d. Robert's Computer Mystery (Phoenix readers), Orca, The Secret Garden o.fl.
- Æfingar og efni frá ýmsum vefsíðum
- Námsspil